

**Fundargerð 72. aðalfundar
SFR stéttarfélags í almannaþjónustu
29. mars árið 2011**

72. aðalfundur SFR var haldinn að Grettisgötu 89, þriðjudaginn 29. mars 2010, kl. 17:00 80 félagsmenn skráðu sig á mætingalista fundarins. (fylgiskj. 0).

Árni St. Jónsson formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hann bar upp tillögu um starfsmenn fundarins. Hann lagði til að Ari B. Thorarensen yrði fundarstjóri og Elín Helga Sanko og Sólveig Jónasdóttir yrðu fundarritarar og var það einróma samþykkt með lófaklappi.

Ari B. Thorarensen tók við fundinum og Elín og Sólveig settust við borð fundarritara. Fundarstjóri kynnti dagskrá fundar sem prentuð var aftan á ársskýrslu SFR sem lá frammi á fundinum. Að því loknu var fundargerð síðasta aðalfundar borin upp en sú venja hefur skapast að fundargerðin liggur frammi á fundinum, en er ekki lesin upp. Hana má einnig finna á vefsíðu félagsins. Fundarstjóri spurði fundarmenn hvort þeir væru sáttir við að skilja við þetta mál með þessum hætti. Það var samþykkt sem og fundargerðin sjálf.

1. Skýrsla stjórnar (fylgiskjal 1)

Fundarstjóri kynnti að því loknu til leiks Árna Stefán Jónsson formann SFR sem kynnti skýrslu stjórnar sem birt er hér að neðan (sjá einnig fylgiskjal 1).

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2010 (birt hér samkvæmt handriti, sjá einnig fylgiskjal 1a)

Fundastjóri, kæru félagar.

Skýrsla stjórnar SFR fyrir árið 2010-2011 er uppbyggð eins og undanfarin ár, að ýmist er miðað við almanaksárið eða starfsár stjórnar sem er á milli aðalfunda. Tölulegar upplýsingar úr bókhaldi eru miðaðar við almanaksárið en efnislegir þættir eru oftast miðað við starfsár stjórnar.

Ársskýrslan liggur hér fyrir prentuð á fundinum og á heimasíðu félagsins. Hins vegar sendum við hana ekki heim til hvers félagsmanns eins og áður heldur höfum látið rækilega vita hvar væri hægt að nálgast hana fyrir áhugasama. Ég vona að þetta komi ekki að sök og allir séu sáttir við þessa tilhögun. Í þessar ræðu minni mun ég eingöngu nefna einstök stærri atriði starfsseminnar en að öðru leyti vísa ég til hinnar prentuðu skýrslu.

Á síðasta aðalfundi tók ný stjórn við en hana skipa Árni St. Jónsson formaður, Védís Guðjónsdóttir varaformaður, Ína Halldóra Jónasdóttir ritari, Friðrik Atlason, Jóhanna Sóley

Gunnarsdóttir, Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Olga Gunnarsdóttir, Ólafur Hallgrímsson, Salóme Berglind Guðmundsdóttir og Sigurður H. Helgason.

Það urðu líka mannabreytingar á skrifstofu félagsins á árinu. Guðlaug Hreinsdóttir færði sig um set og tók að sér skrifstofustjórarstarf hjá Landssambandi Lögreglumanna en við hennar starfi tók Berglind Magnúsdóttir og er hún boðið hér með velkominn til starfa og Guðlaugu þakkað fyrir velunnin störf hjá félaginu.

Eins og oft áður, þá vantaði ekki verkefni á árinu en tvö mál standa þó upp úr. Það er í fyrsta lagi flutningur á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og svo voru kjarasamningar lausir í lok nóvember en undirbúningur undir kjaraviðræður höfðu staðið lengi yfir. Þrátt fyrir fundarhöld með samninganefnd ríkisins, þá hefur en ekki tekist að gera kjarasamning og kemur þar ýmislegt til. Má þar helst nefna að aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki náð sátt við ríkisstjórnina, en þeir hafa sett fram ýmsar kröfur á hendur henni sem engar niðurstöður eru en fengnar í. Ríkið hefur hins vegar ekki viljað fara á undan í gerð kjarasamninga og hefur þetta ferli því tafist vegna þessara þátta.

Við undirbúning kjaraviðræðnanna og gerð kröfugerðar, þá blésum við til Púlsfunda út um allt land. Þessir fundir fóru fram í september og október og tókust sérstaklega vel. Þeir voru framkvæmdir með svokallaðri Þjóðfundar aðferð sem gafst einstaklega vel, en með þessari aðferð er kallað á virkni allra á fundinum. Á fundunum var fjallað um þrjú meginþemu: Launamál, vinnustaðamenningu og einstaklingin og vinnuna. Á fundunum urðu til 2000 hugmyndir sem launamálaráð notaði svo til að setja fram markmiðssetningu og kröfur fyrir kjarasamningsviðræðurnar, ásamt þeim hugmyndum sem fram komu á starfsdegi trúnaðarmanna 29. október sl.

Málefni fatlaðra var flutt til sveitarfélaganna 1. janúar 2011. Nokkur átök voru um félagsaðild starfsmanna og félagsmanna SFR við þennan flutning. Við gerðum þær kröfur að starfsmenn málaflokksins fengju að velja hvaða stéttarfélagi þeir tilheyrðu, bæði núverandi og væntanlegir starfsmenn. Krafa Sambands Íslenskra sveitarfélaga var hins vegar um að starfsmenn málaflokksins flyttust yfir í starfsmannafélög bæjarstarfsmanna á hverjum stað. Niðurstaðan varð sú að núverandi starfsmenn fengu að velja en nýir starfsmenn verða félagsmenn í öðrum stéttarfélögum. Þessi niðurstaða er þolanleg fyrir okkur en engan veginn fullur sigur. Okkur sýnist að 2/3 starfsmanna hafi valið að vera áfram í SFR en aðrir flutt sig ásamt nýliðum í störfunum.

Eins og undanfarin ár fór fram könnun á stofnun ársins og fyrirtækis í samráði við VR. Þetta er í fimmta sinn sem við stöndum að þessari könnun og einnig var gerð launakönnun við sama tækifæri.

Niðurstöður í könnuninni um stofnun ársins var svo kynnt við hátíðlega athöfn á Nordica hóteli þann 7. maí síðastliðinn. Stofnanir ársins að þessu sinni voru Umferðastofa í flokki

stærri stofnana og Sýslumaðurinn á Hvolsvelli í flokki minni stofnana. Hástökkvari ársins reyndist svo vera Sýslumaðurinn á Siglufirði.

Þessa dagana er verið að framkvæma könnunina fyrir árið 2011. Hún er mun stærri heldur en fyrri kannanir því í samstarfi við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins nær könnunin nú til allra starfsmanna stofnunarinnar. Verður afar fróðlegt að sjá hvort það hefur verulegar breytingar í för með sér.

Í launakönnuninni komu fram ýmsar gagnlegar upplýsingar eins og áður. Að þessu sinni reyndust meðal laun SFR félaga fyrir fullt starf vera 323.000 kr. Sem er tæplega 2% hækkun frá 2009. Kynbundinn launamunur hefur ekki verið lægri síðan við fórum að gera þessar kannanir en þó áfram allt of hár eða 9,9%. Eins og hefur komið oft fram, þá minnkar ekki munurinn vega hækkunar launa kvenna sérstaklega heldur fyrir lækkun launa karla þar sem ýmsar sérgreiðslur hafa verið lækkaðar.

Auk SFR og VR þess mun Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gera sömu könnun og getum við þá betur borið saman laun okkar við félagsmenn annarra félaga.

Atvinnuleitendum innan SFR hefur verið boðin ýmis þjónusta á árinu í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt. Allir atvinnuleitendur eru boðaðir í sérstök viðtöl en Starfsmennt framkvæmir þau í samráði við Vinnumálastofnun. SFR og St.Rv buðu einnig öllum atvinnuleitendum innan þessara félaga á sérstakan fund þar sem réttindi atvinnuleitenda voru kynnt og starfsemi Starfsmenntar og Vinnumálastofnunar einnig.

Í desember 2010 voru 148 félagsmenn atvinnulausir í félaginu og hafði þeim fjölgað um 8 á árinu. Þetta er um 2,4% af félagsmönnum en félagsmenn voru á sama tíma 6.160. Þetta er fækkun um 1,6% frá árinu 2009 en um heil 6% fækkun frá því að voru flestir árið 2008. Við megum búast við einhverri fækkun á næstu árum og mögulega þurfum við að bregðast við því með einhverjum hætti eins og breytingu á þjónustu eða hagræðingu.

Félagið á og rekur ýmsa sjóði. Þeir helstu eru Styrktar- og sjúkrasjóður, Starfsmenntunarsjóður, Orlofssjóður og Vinnudeilusjóður SFR. Einnig erum við í samstarfi við Fjármálaráðuneytið um rekstur Þróunar- og símenntunarsjóð SFR.

Töluverðar breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum Styrktar- og sjúkrasjóð á árinu sem tóku gildi 1. janúar 2011. Þessar breytingar voru mögulegar vegna góðra stöðu sjóðsins. Á árinu var úthlutað 4.582 styrkjum fyrir ca. 114 milljónir króna. Það lætur nærri að 70% félagsmanna hafi fengið einhvern styrk úr sjóðnum.

Starfsmenntunarsjóðurinn úthlutaði 1165 styrkjum á árinu fyrir 37 milljónir. En eins og áður þá fara flestir styrkir til háskólanáms eða alls 352 talsins. Sjóðurinn stendur vel um þessar mundir og má þar m.a. þakka úthlutun úr Þróunar- og símenntunarsjóði SFR á undanförunum árum.

Starfsemi orlofssjóðs var blómleg á árinu eins og endranær. Haldið var áfram með Munaðarnes verkefnið og Eiðar. Öll hús og pallar í Munaðarnesi voru málaðir og gerð

töluverð andlitslyftinga á húsunum á Eiðum auk þess sem þar voru smíðaðir nýir pallar við húsin og bátabryggja. Eins var gerð sú tilraun við sumarúthlutun að nokkur hús voru einungis í dagleigu og mæltist þessi nýjung vel fyrir hjá félagsmönnum. Nýting húsa var mög góð yfir sumarið eða 90% en metið á nýja húsið okkar í Skorradal sem er feyki vinsælt hjá félagsmönnum.

Í gegnum BSRB eigum við aðild að hinum nýja Starfsendurhæfingarsjóði sem aðilar vinnumarkaðarins reka saman. Reynslan af þessari starfsemi er það góð að ráða varð nýjan ráðgjafa hér til okkar vegna mikils álags á ráðgjafana. Var Salome Þórisdóttir ráðin og eru nú þrír ráðgjafar starfandi hér í BSRB húsinu. En fyrir voru þær Soffía Eiríksdóttir og Karen Björnsdóttir.

Fræðslustarf félagsins var í miklum blóma á árinu eins og endranær. Fræðslustarfinu má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er það fræðsla fyrir trúnaðarmenn, í öðru lagi fræðsla fyrir félagsmenn og í þriðja lagi rekstur Fræðslusetursins Starfsmenn og eignarhluti í símenntunarmiðstöðinni Framvegis.

Fræðslan fyrir trúnaðarmenn er þríþætt. SFR og St.Rv. bjóða eins og áður upp á 3ja daga grunnnámskeið og svo er lengra nám í boði á vegum Félagsmálaskóla alþýðu sem er fyrir trúnaðarmenn bæði innan BSRB og ASÍ. Þetta nám er alls 142 stundir sem skipt er í sex þrep og hefur þetta nám verið í boði síðastliðin þrjú ár.

Að lokum má nefna fræðslumorgnana sem skipulagðir eru sérstaklega fyrir trúnaðarmenn, en þeir eru haldnir sama dag og trúnaðarmannaráðsfundirnir. Á fræðslumorgnunum er boðið upp á margvíslega fræðslu og fyrirlestra um málefni sem tengjast samfélaginu eða efni sem nýtist trúnaðarmönnum í að styrkja sig í starfi trúnaðarmannsins.

Almenn námskeið fyrir félagsmenn ganga undir nafninu „Gott að vita“ og eru haldin í samstarfi við St.Rv. Þar kennir ýmissa grasa, eins og t.d námskeið í ræktun kryddjurta og hvernig á að þrjóna lopapeysur, jóganámskeið, bridge-námskeið og fyrirlestur Eddu Björgvinsdóttur um Jákvæðni, húnur og hlýlegt viðmót en það námskeið var hástökkvari ársins og sló algjörlega í gegn. Aðsókn í þessi almennu námskeið er alltaf að aukast og er reynt að bjóða upp á einhver ný námskeið á hverri önn.

SFR og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafa starfað saman að fræðslumálum undanfarin um 13 ár. Síðast liðin þrjú ár hafa 1900 þátttakendur mætt á Gott að vita námskeiðin eða að meðaltali 475 manns á ári svo það er nokkuð ljóst að mikill áhugi er fyrir þessari starfsemi félagsins.

Fræðsluatrið Starfsmennt er rekið í samráði við fjármálaráðuneytið og einnig eru flest félög innan BSRB þar sem ríkisstarfsmenn eru félagar aðilar að setrinu. Starfsemi setursins hefur aukist með hverju árinu og var árið 2010 engin undartekning þar á. Á árinu voru haldin

námskeið og boðin önnur þjónusta fyrir 100 milljónir kr. sem var aukning um 10,5% milli ára. Skráningum í nám jókst um 62% milli ára og voru alls 3.496. Samstarf Starfsmenntar út á við var stóraukið á árinu. Samningar voru gerðir við Mannauðssjóð Samflotsins sem í eru 12 starfsmannafélög bæjarstarfsmanna og einnig við Starfsmannafélag Suðurnesja. Þá voru gerðir samstarfssamningar við tvo fræðslusjóði Starfsgreinasambandsins, Ríkismennt og Sveitamennt, til að greiða leið starfsfólks í starfstengt nám þvert á stéttarfélagsaðild. Á árinu voru lög um framhaldsfræðslu samþykkt og BSRB gerðist aðili að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Með þeim gjörning var ljóst að aukið samstarf yrði milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Starfsmenntar. Í því skyni var ákveðið að þessar miðstöðvar flyttust í sameiginlegt húsnæði að Ofanleiti 2 og mun það gerast núna í maí. Það verður söknuður að missa Starfsmenntarfélagið hér úr húsi, en hlutirnir breytast og ný tækifæri myndast og ber okkur að hafa það að leiðarljósi á hverjum tíma. Ég vil nota tækifærið og óska starfsmönnum Starfsmenntar velfarnar á sýnum nýja stað.

Að lokum vil ég nefna Framvegis, miðstöð um símenntun sem SFR á ásamt nokkrum aðilum. Framvegis er framkvæmdaraðili í símenntun og heldur námskeið fyrir ýmsa aðila. Framvegis sérhæfir sig í fjarkennslu og vill með því stuðla að auknu framboði og sveigjanleika í námi og símenntun. Eigendur Framvegis eru SFR, St.Rv., BSRB, Sjúkraliðafélag Íslands ásamt Tölvuskólanum iSoft.

Vefur félagsins er í stöðugri þróun. Á árinu var unnið að nýju útliti og endurskoðun vefsins. Var hann svo formlega opnaður á trúnaðarmannaráðsfundi í janúar. Hefur hann fengið góðar viðtökur hjá félagsmönnum en fjöldi heimsókna á vefinn á mánuði er um og yfir 10.000.

Tölvuglöggir fundarmenn hafa eflaust tekið eftir því að SFR er nú komið með facebook síðu sem á tæplega 300 „vini“ í dag. Þangað eru settar ýmsar fréttir af vefsíðunni og vakið athygli á málum sem við teljum að skipti okkar félagsmenn og „vini“ máli. Facebook síðan hefur þó nokkra virkni og er gaman að fylgjast með athugasemdum félagsmanna þar.

Gefin voru út 8 tölublöð af SFR blaðinu á árinu með öflugri upplýsinga miðlun til félagsmanna og umfjöllun um áhugaverð málefni. Þá kviknaði sú umræða í tengslum við samstarfspælingar milli SFR og St.Rv. að gefa út sameiginlegt blað. Tilgangurinn er bæði hagkvæmni stærðarinnar og fjölda félagsmann beggja félaganna og möguleikar til að kafa dýpra í málefni opinberra starfsmanna. Þessi útgáfa á sameiginlegu blaði er tilraunaverkefni í eitt ár sem verður svo vegin og metin áður en teknar verða ákvarðanir til framtíðar. Fyrsta blaðið kemur út nú í apríl og mun heita SFR, St.Rv. Blað stéttarfélaganna.

Trúnaðarmannaráð starfaði með miklum blóma á árinu. Ráðið samanstendur af trúnaðarmönnum og stjórn félagsins. Trúnaðarmenn eru kosnir til tveggja ár í senn og á sú kosning að fara fram á þessu ári. Samkvæmt lögum félagsins skal sú kosning fara fram á

haustin og vera lokið fyrir 7 október. Þessi framkvæmd hefur oft truflað hauststarfið sem er afar mikilvægt vegna þess að þá er verið að starta starfinu eftir sumarið. Því er lagt til í þeim lagabreytingum sem liggja fyrir aðalfundi til afgreiðslu að flytja kosninguna og kjósa á vorin í staðinn, rétt fyrir sumarfrí þannig að hægt sé að nýta haustönnina betur, m.a. fyrir fræðslu trúnaðarmanna.

Á árinu voru haldnir 9 trúnaðarmannaráðsfundi með ýmsum málefnum og fræðslu. Aprílfundurinn var helgaður jafnréttismálum sem var hluti af afmælisárinu 2009. Var þetta í formi ráðstefnu en þó með nýstárlegu hætti. Flutt voru sömu erindi í tveimur fundarsölum þar sem annarsvegar voru eingöngu karlmenn og hins vegar eingöngu konur. Síðan var sameiginleg umræða á eftir. Þessi félagsfræðilega tilraun tókst mjög vel og var afar skemmtileg.

Tveir sameiginlegir vinnudagar hafa verið haldnir með trúnaðarmönnum SFR og St.Rv. Á þeim síðari var fjallað um mögulegt meira samstarf milli félaganna en eins og vitað er, þá hafa félögin unnið saman að fræðslumálum í um13 ár og eins og kom fram hér að framan þá liggur fyrir ákvörðun um að gera tilraun með sameiginlegt blað. Úr niðurstöðu fundarins er verið að vinna úr og munu ákvarðanir vera teknar um mögulegt meira samstarf á næstunni.

NSO eru samtök ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum með um 250.000 félagsmenn innan sinna vébanda. SFR gengu í þessi samtök 1992 og því fer að nálgast 20 ára veru félagsins í samtökunum. Þetta samstarf hefur veitt SFR mikið og vonandi hefur SFR einnig lagt töluvert til málanna sem samstarfsfélög okkar hafa getað nýtt. Formennskan og framkvæmdastjórn róterar milli félaganna í ákveðni röð eitt ár í senn og var komið að okkur í SFR að taka við sprotanum úr hendi Færeyinga á ráðstefnu í Færeyjum sumarið 2010.

Ráðstefnan í Færeyjum var afar fróðleg og var þemað „ríkið sem aðlaðandi vinnustaður“ og „hvernig koma framtíðar kjarasamningar til með að líta út“. Fyrir utan þessa tvö aðal þema voru styttri innlegg um ýmsa þætti eins og til dæmis um hin nýju upplýsinga- og samskiptatækni s.s Facebook, Twitter, MSN, GSM-síminn o.fl. Hvernig stéttarfélögin gætu nýtt sér þessa nýju tækni í samskiptum sínum við félagsmenn sína.

Nú þegar hefur verið ákveðið að hin árlega ráðstefna NSO verði haldin í Stykkishólmi í sumar. Undirbúningur að henni er í fullum gangi og vonum við að það takist vel til.

Innan félagsins eru starfandi nokkur fag- og starfsgreinafélög. Stærst þeirra og öflugust eru Fangavarðafélag Íslands, Félag heilbrigðisritara, Félag íslenskra lækna- og heilbrigðisráðgjafa, Félag íslenskra félagsliða, Félag ráðgjafa og stuðningsfulltrúa og Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafar. Þessi félög hafa öll sótt formlega um að vera deildir innan SFR. Þau hafa hvert á sinn hátt verið að sinna sínum málum með aðstoð skrifstofu SFR og fá á hverju ári ákveðinn styrk frá félaginu. Það hefur orðið fjölgun á þessum fagfélögum og hefur verið vilji til hjá stjórn félagsins að tengja þau betur „móðurfélaginu“ SFR. Hluti af hugmyndinni um stofnun Félagsráðs sem gerð er lagabreyting um hér á þessum fundi, er til að ná þeim markmiðum.

Lífeyrisþegadeildin hefur verið með öflugt starf eins og áður og ef eitthvað er þá sýnist mér hún vera að brydda upp á fleiri dagskráliðum á ári en áður. Í deildinni eru 979 manns en

félagsmenn geta þeir orðið sem eru félagar í SFR þegar þeir hætta störfum og fara á lífeyrir hvort sem það er ellilífeyrir eða örorkulífeyrir.

Eftir efnahagshrunið hefur verið kallað á meira gagnsæi í launamálum stjórnenda ýmissa stofnana og félagasamtaka. Því mun ég gera hér grein fyrri launamálum stjórnenda SFR eins og ég hef gert á síðustu aðalfundum.

Þeir sem sitja í stjórn félagsins fá greitt fyrir hvern stjórnarfund sem hér segir:

Fyrir hvern fund 8.136 kr. + 50 km sem gerir nú 4.950 kr. = 13.086 kr.

Varaformaður og ritari fá að auki eingreiðslu á mánuði sem er 14.864 kr.

Fyrir setu í stjórnnum sjóða:

Fyrir hvern fund 30 km = 2.970 kr.

Formenn 60 km = 5.940 kr.

Laun formanns og framkvæmdastjóra eru ákvörðuð þannig að stjórn kýs sér launanefnd sem semur við framkvæmdastjórnann um laun hans á hverjum tíma. Til viðmiðunar eru höfð laun SFR féлага í sambærilegum störfum sem við sjáum bæði í launakönnun félagsins og svo í félagsgjöldum einstaklinga til félagsins.

Laun framkvæmdastjóra eru þau sömu og voru fyrir ári síðan eða 412.270 þúsund ásamt fastri yfirvinnu, sem er u.þ.b. 16 tímar á viku sem gera 291.108 kr. Samanlagt 703.378. Til viðbótar fær hann greitt fyrir akstur 39.600 á mánuði (getur verið breytilegt eftir því hversu hátt kílómetragjaldið er á hverjum tíma).

Formaður félagsins tekur mið af þessum launum en fær 15% álag ofan á þau.

Laun framkvæmdastjóra eru þau sömu og voru fyrir ári síðan eða 412.270 þúsund ásamt fastri yfirvinnu, sem er u.þ.b. 16 tímar á viku sem gera 291.108 kr. Samanlagt 703.378. Til viðbótar fær hann greitt fyrir akstur (39.600) sem getur verið mismunandi alveg frá 24.800 til 37.000 á mánuði eftir því hversu hátt kílómetragjaldið er á hverjum tíma. Formaður félagsins tekur mið af þessum launum en fær 15% álag ofan á þau.

Félagar, ég hef hér í stuttu máli tæpt á helstu málum síðasta árs og reyndi að stytta mál mitt eins og kostur væri. En það er erfitt, þegar gera þarf þessari miklu starfsemi sem félagið stendur fyrir nokkur skil. Það verður mér ætíð erfiðara og erfiðara að ákveða hverju skal sleppa og hversu mikla umfjöllun hvert mál á að fá í þessari ræðu minni.

Sem betur fer get ég endurtekið það sem ég sagði við sama tækifæri fyrir ári síðan að atvinnuleysi meðal okkar félagsmanna er ekki mikið í samanburði við almenna markaðinn. Hins vegar virðast launin á hinum almenna markaði vera farin að hreyfast upp á við meðan

okkar laun standa í stað eða verða áfram fyrir skerðingum. Það er áhyggjuefni að hafa viðsemjanda sem er nánast á hausnum en allir gera miklar kröfur til. Þegar kjarasamningar eru lausir, þá fer nánast öll orkan í að ganga frá þeim málum. Annað verður að bíða á meðan og það er akkúrat sú staða sem við erum í dag. Ekki bætir það úr skák að við opinberir starfsmenn megum sí og æ vera að verja okkar kjör hvort sem það er gagnvart ríkinu eða öðrum launþegahreyfingum. Nú eru það lífeyrismálin en það eru gerðar harðar atlögur að okkar rétti þar þessa dagana. Fyrir því standa aðallega „vinir“ okkar í ASÍ og það versta er að málflutningur þeirra virðist ná hljómgrunni víða. Þar eru rangfærslur bornar á borð eða alla vega eru þær matreiddar eins og hentar málstaðnum hverju sinni. En við munum verjast þessari atlögu eins og við höfum þurft oft áður að gera. Hins vegar verða allir að vera tilbúnir þegar og ef kallið kemur. Við þurfum að sýna mátt okkar í verki mögulega með fjöldafundum eða öðrum aðgerðum til að hrinda árásinni.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki félagsins fyrir dugnað og mikið starf. Það er mesta gæfa hvers félags að eiga góða starfsmenn eins og okkur hefur tekist að ná til félagsins.

Árni þakkaði gott hljóð.

Fundarstjóri þakkaði Árna Stefáni og lagði til að skýrsla stjórnar og reikningar félagsins yrðu ræddir í einu lagi eftir að framkvæmdastjóri hefði lokið við að fjalla um reikninga félagsins. Fundurinn samþykkti það.

Ari bauð Þórarni Eyfjörð framkvæmdastjóra félagsins að stíga í pontu.

2. Reikningar félagsins (fylgiskj. 2 Ársreikningur 2010)

Þórarinn greindi frá því að reikningarnir hefðu farið í gegnum lögformlegt ferli eins og venja er, fyrst hjá félagslegum endurskoðunum og síðan hjá Rögvaldi Dofra Péturssyni endurskoðanda hjá Ernst og Young eins og gert hafi verið um árábil. Þórarinn þakkaði þeim góða vinnu.

Hann sagði að framsetning reikninga nú væri ólík því sem verið hefði og væri það komið til vegna lífeyrisskuldbindinga B deildar lífeyrissjóðs LSR. Félagið hefði tekið upp eftirfarandi breytingar á reikningsskilum frá og með 1. jan. 2010. Félagið skuldfærir nú reiknaðar lífeyrisskuldbindingar í fyrsta sinn. Lífeyrisskuldbinding félagsins hefur verið að hækka á undanförunum árum og tekin var ákvörðun um að færa hana í reikningsskil félagsins. Samanburðartölum fyrra árs hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu.

Fyrirverandi og núverandi starfsmenn SFR sem eiga skuldbindingar í þessum sjóðum eru 18 talsins. Þó skuldbindingin sé há núna er þetta upphæð sem greiðist smátt og smátt og mun koma inn í rekstur félagsins, sagði Þórarinn.

Félagssjóður (fylgiskjal 2, bls. 3-14)

Þórarinn rakti því næst stöðu Félagssjóðs. Rekstrartekjur félagsins voru rúmlega 176 milljónir á síðasta starfsári. Þórarinn sagði félagið geta verið þokkalega sátt miðað við það sem er að gerast í þjóðfélaginu almennt. Afkoma ársins var tæplega 9 milljónir og er það örlítil lækkun frá í fyrra.

Efnahagsreikningur (fylgiskjal 2, bls. 6)

Fastafjármunir félagsins eru tæplega 150 milljónir og langtímakröfur rúmar 85 milljónir, þar af eru verðbréf rúmlega 65 milljónir.

Skammtímakröfur eru tæplega 50 milljónir og handbært fé tæplega 30 milljónir.

Eignir samtals eru rúmlega 300 milljónir.

Langtímaskuldir eru 79 milljónir með lífeyrissjóðsskuldbindinga. Sú tala mun hækka áður en hún fer aftur að lækka en sú skuldbinding er ekki verulega þyngjandi við munum greiða hana smátt og smátt. Hrein eign í félagssjóði er tæplega 220 milljónir.

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur dragast lítillega saman og einnig rekstrargjöld.

Laun og launatengd gjöld eru svipuð á milli ára. Að meðaltali störfuðu 11 starfsmenn hjá félaginu á árinu m.v. heilsársstörf. Í árslok voru 11 starfsmenn á launaskrá hjá félaginu og heilsdagsstöðugildi voru 11. Tveir starfsmenn komu til starfa aftur úr fæðingarorlofi. Starfsmaður endurhæfingarsjóðs er launamaður hjá SFR en starfsendurhæfingarsjóður borgar launin. Þá ber þess að geta að tryggingagjöld hafa hækkað, en bifreiðakostnaður lækkar á milli ára.

Annar skrifstofukostnaður lækkar á milli ára. Þar eru aðallega fjórir þættir sem hækka. Þáttur við endurskoðun lækkar enda hafa kröfurnar um frágang reikninga stóraukist. Kostnaður við heimasíðu lækkar einnig vegna uppfærslu síðunnar. Þá er aukinn kostnaður vegna lögfræðiaðstoðar sem skýrist af því að meira er sótt að okkar fólki nú en áður og við erum einnig duglegri að sækja rétt fólks. Að lokum er aukinn kostnaður vegna skjalakerfis, en verið er að taka upp nýtt skjalakerfi á skrifstofu félagsins og eru greiðslur af kerfinu aukinn kostnaður.

Liðurinn sem telur kostnað vegna funda, námskeiða og félagsstafs hefur lækkað úr 21 í 19,2 milljónir. Svipaður kostnaður var við erlent samstarf er á starfsárinu og á árinu áður.

Þá hefur kostnaður við trúnaðarmannafundi **lækkað** örlítið og einnig kostnaður vegna fræðslu fyrir félagsmenn sem lækkar um 50%.

Kostnaður vegna félagsstarfs lífeyrisdeildar hækkar í ár.

Kostnaður við útgáfustarfsemi félagsins lækkar úr 17 í 13 milljónir.

Kostnaður við kjörgögn og kjarasamninga hækkaði mikið enda voru púlfsfundirnir sérstakir undirbúningsfundir fyrir kjarasamningana, en þeir voru dýrir. Vinnudeilusjóður hefur leyfi til að taka þátt í kostnaði við gerð kjarasamninga og var sú heimild nýtt og mætir hún stærstum hluta kostnaðarins.

Orlofssjóður (fylgiskjal bls. 17-19)

Iðgjöld til allra sjóða lækkaði og það gildir einnig um orlofssjóð. Leigan stendur þó betur undir húsunum nú en áður.

Tekjur sjóðsins voru rúmlega 73 milljónir.

Fjárförfin er meiri ef við höfum stærri drauma, sagði Þórarinn, en í dag er þetta er allt í jafnvægi.

Hrein eign orlofssjóðs er rúmar 137 milljónir.

Langtímaskuldir eru rúmar 41 milljón.

Skammtímaskuldir eru rúmar 23 milljónir.

Skuldir sjóðsins eru því samtals 64,8 milljónir.

Rekstur eininganna er í ágætu jafnvægi ef undan er skilinn viðhaldskostnaður, sagði Þórarinn. Það er viðhaldið sem hleypur upp kostnaði. Mesta þörfin fyrir viðhald er í Munaðarnesi og Vaðnesi.

Síðan rakti Þórarinn kostnað og innkomu húsanna í eigu SFR.

Fram kom að nýtingin á Eiðum og í Munaðarnesi væri mun betri en áður og framhaldið væri jákvætt. Kostnaður við hús sem SFR leigir fyrir félagsmenn er u.þ.b. 500 þúsund á hverja einingu samkvæmt Þórnari.

Vegna leiguíbúðarinnar í Kaupmannahöfn lagði félagið til 600 þúsund í fyrra og undanfarið hefur verið umræða um það hvort við ættum yfirleitt að hafa íbúð í Danmörku vegna kostnaðarins.

Samþykkt var í stjórn sjóðsins að hafa hana áfram en hækka leiguna í 75 þúsund. Það kom síðan í ljós að það er sátt um verðið, engar kvartanir hafa borist og fólk er mun sáttara en við áttum von á, sagði Þórarinn.

Kostnaður við leigu hússins sem SFR leigir í Súðavík er meiri en innkoman og það á við um tjaldvagnana líka svo og íbúðina í Stykkishólmi en hún er ekki í notkun lengur.

Íbúðin sem SFR leigði í Vestmannaeyjum var hins vegar á hagstæðum kjörum og nýtingin þar var góð. Íbúðin var í dagleigu og það kom mjög vel út. Við höfum hana ekki lengur en höfum leigt aðra sem vonandi verður jafn vinsæl.

Þórarinn rakti næst stöðu **Sjúkra- og styrktarsjóðs og Starfsmenntasjóðs** (*fylgiskjal 2 bls. 33-50*).

Styrktarsjóðurinn og starfsmenntasjóðirnir eru gegnumflæðissjóðir í eðli sínu, þar er miðað við að í sjóðnum sé þó alltaf til ársstreymi.

Styrktar- og sjúkrasjóður (*fylgiskjal 2 bls. 43-50*).

Styrktar- og sjúkrasjóður er skuldlaus við félagssjóð og stendur sjóðurinn vel. Sú skuld hefur oft verið hér til umræðu en sá kafli er nú úr sögunni. Rekstrartekjur sjóðsins voru tæplega 150 milljónir á síðasta starfsári sem er lækkun frá því á síðasta ári og rekstrargjöld voru u.þ.b. 120 milljónir sem er þó nokkuð meira en árinu áður. Afkoma ársins er rúmar 30 milljónir og eigið fé og skuldir sjóðsins eru rúmar 93 milljónir sem er örlítið lækkun frá árinu áður.

Starfsmenntasjóður (*fylgiskjal 2 bls. 33-39*).

Rekstrartekjur sjóðsins voru rúmlega 50 milljónir en það eru örlítið lægri tekjur en á síðasta starfsári og rekstrargjöld eru rúmar 41 milljón sem er örlítið meira en á síðasta ári. Afkoma ársins er rétt rúmar 20 milljónir. Eigið fé og skuldir eru rúmlega 113 milljónir.

Vinnudeilusjóður (*fylgiskjal 2, bls. 53-51*)

Vinnudeilusjóður er með mestu fjármunina en eigið fé og skuldir sjóðsins eru rúmlega 838 milljónir. Eignir jukust á árinu og veltufjármunir jukust einnig.

Nú þegar verðbólgan minnkar, sagði Þórarinn og dregst hefur saman þá hefur það þau áhrif að ávöxtunin lækkar.

Að þessu loknu kynnti Þórarinn ávöxtun sjóðanna myndrænt. Uppistaða sjóða félagsins eru hreinir ríkisvixlar. Þórarinn sagði að þetta væri hugsað sem langtímafjárfesting en ekki væri hlaupið eftir smásveiflum. Við reynum að velja tryggustu leiðina og munum halda okkur þar þangað til efnahagskerfið okkar nær jafnvægi. Við dreifum sjóðunum milli nokkurra banka sem gerir okkur öruggari. Við erum að reyna að dreifa fjármunum sem víðast og þó það þýði að einhvers staðra getum við tapað, sagðist hann telja að það sé rétt stefna. Þau afföll sem orðin eru hafa verið lítill hluti af fjármunum félagsins.

Þórarinn þakkaði að lokum fyrir sig og sagðist vonast til að hafa gefið einhverja mynd af því sem er að gerast í reikningum og sjóðum félagsins.

Fundarstjóri þakkaði Þórarni fyrir og gaf orðið laust til umræðu um skýrslu og reikninga félagsins.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Guðjón B. Sverrisson tók fyrstur til máls og sagði að fundarmenn á höfuðborgarsvæðinu gætu verið kátir þegar skoðaðir væru rafmagnsreikningar frá Skorradalnum.

Ari B. Thorarensen fundarstjóri bætti við að kannski yrðu menn ekki eins glaðir á næsta ári miðað við fréttir dagsins um hækkunir hjá Orkuveitunni.

Anna Atladóttir bað um orðið og sagðist vilja forvitnast um muninn á starfs- og vinnudegi starfsmanna og stjórnar. Hvers vegna væri svo mikill munur milli ára?

Þórarinn Eyfjörð svaraði því til að á árinu 2009 hefði verið færri starfsdagar og á síðast ári var farið í Munaðarnes og dvalið þar í 2 daga. Inn í þessum kostnaði var matur, gisting o.fl. sagði Þórarinn.

Fundarstjóri óskaði eftir fleiri spurningar úr sal.

Hafdís Vilhjálmisdóttir spurði um laun formanns og framkvæmdastjóra. Hún vildi vita hvort þau hefðu breyst milli árána 2009 og 2010?

Sigríður Kristinsdóttir sagðist vera ein af „ómögunum“ hjá SFR, þ.e. þeim sem skuldbindingar vegna B deildarinnar renni til. Hún vildi að það kæmi fram að hún og fleiri í hennar stöðu væru með sömu lífeyrisréttindi og aðrir opinberir starfsmenn og þess vegna kæmi fram þessi 70 milljón króna skuldbinding.

Elvar Óskarsson vildi fá að vita hvort það sé til eitthvert siðferðismat hjá stjórn og félaginu sem farið er eftir, þegar ákveðið væri hvar fé félagsins væri ávaxtað eða hvort mönnum væri alveg sama um slíkt?

Vésteinn Valgarðsson sagðist vilja hnýta aðeins við spurningu Elvars og sagðist einu sinni hafa skoðað fjárfestingar hjá lífeyrissjóði sem hann hefði verið í og hefði þá getað rakið fjárfestingar sjóðsins til vopnaframléiðenda o.fl., ekki bara til venjulegra braskara!

Anna Atladóttir sagði að óvíska á Norðurlöndunum hefðu félög reynt að fjárfesta þar sem skýrt væri hvernig fé væri fjárfest. Bankar hér gætu ekki alltaf sýnt fram á að það væri ekki verið að græða peninga á mansali, fíkniefnum o.fl.

Árni Stefán Jónsson svarði spurningum og sagði laun framkvæmdastjóra og formanns ekkert hafa hækkað síðan 2006. Þá svaraði hann Sigríði Kristins því að hún hefði frekar átt að hrósa félaginu en þetta hefði samt verið ágæt ábending. Það væri nauðsynlegt fyrir alla sem væru í þessari aðstöðu þ.e.

skuldbindingu vegna lífeyrissjóða, að byrja að taka frá fé vegna þeirra skuldbindinga. St.Rv. og kennarar hefðu gert þetta og hann sagði að félagið hefði fengið hugmyndina þaðan. Félagið vildi tryggja það að geta staðið við skuldbindingar. Þetta væru góðar reiknisskilavenjur.

Árni sagði að félagið hefði ekki sett niður skriflega fjárfestingaskilavenjur en væri samt sem áður mjög meðvitað um þetta. Hann þakkaði ábendinguna og óskaði eftir því að framkvæmdastjóri færi betur yfir þau mál.

Þórarinn Eyfjörð sagðist vilja bregðast örstutt við orðum Sigríðar Kristinsdóttur og sagði að félagið greiddi þessar skuldir lífeyrissjóðsskuldbindinga með glöðu geði og stolti. Hann sagði að félagið hefði ekki sett niður neinar formlegar siðareglur, því miður. En stefnan kæmi fram í hvar fjárfest væri. Félagið reyndi að fjárfesta nálægt sér, nú eftir hrún. Féð væri nú hjá íslenska ríkinu að stofninum til. Hann þakkaði fyrir góða og þarfa ábendingu.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðar umræður og bar skýrslu stjórnar upp til samþykktar. Hún var samþykkt samhljóða með handauppréttingu. Þá voru reikningar bornir upp til samþykktar. Þeir voru einnig samþykktir samhljóða með handauppréttingu.

3. Lagabreytingar (*fylgiskjal 3*)

Fundarstjóri kynnti að næst á dagskránni væru lagabreytingar.

Viðar Ernir Axelsson kynnti laganefndina, starf hennar og tillögur til lagabreytinga. Laganefnd var kosin 10.11. 2010 á fundi trúnaðarmanna. Í henni sátu Árni Stefán Jónsson, SFR, Stefanía Guðríður Ámundadóttir frá St. Jósefsspítala og Sólvangi, Viðar Ernir Axelsson frá Varnarmálastofnun og Svala Norðdahl með einstaklingsaðild. Fundað var 4 sinnum og voru tillögur nefndarinnar kynntar launamálaráði í febrúar síðast liðnum. Lagabreytingarnar voru síðan auglýstar í aðalfundarboði í SFR blaðinu og í vef fréttariti. Auk þess sem breytingatillögurnar voru birtar á www.sfr.is í febrúar.

Þá kynnti Viðar Ernir eftirfarandi lagabreytingar:

10. grein – Viðbót; „*Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafrænum hætti ef því verður við komið, annars skriflegum*“ auk þess sem því er bætt við að ef atkvæðagreiðsla er rafræn skuli hún standa yfir í 10 daga.

11. gr. Lagt er til að félagsráð kjósi uppstillinganefnd í stað trúnaðarmannaráðs áður.

16. gr. Breytist þannig að í stað orðalagsins að „*setja kross*“ komi „*merkja við*“.

24. gr. Lagt er til að trúnaðarmenn verði kosnir í maí í stað september annað hvert ár (oddatöluár).

25. gr. Lagagreinin fjallar um hlutverk trúnaðarmannaráðs en í lagabreytingunum er lagt til eftirfarandi orðalag; *Hlutverk þess er að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum sínum ásamt fræðslu um þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna.*

Lagt er til að núverandi lagagreinar nr. 26. og 27. falli út úr lögnum m.a. vegna tillögu um að taka upp félagsráð SFR, sjá tillögu að lagabreytingum – nýjar lagagreinar.

Ný gr. nr. 27 felur í sér stofnun félagsráðs sem kemur í stað launamálaráðs. Sæti í félagsráði ætti stjórn félagsins, formenn fagfélaga/deilda og stéttarfélaga og 15 trúnaðarmenn kosnir af trúnaðarmannaráði.

Ný gr. nr. 28 þar sem hlutverk félagsráðs er tiltekið.

Þar sem nýr kafli bætist inn í lögin með tillögu um félagsráð.

Grein nr. 29 verður nr. 30 og breytist á þann hátt að formenn deilda eiga sæti í félagsráði og í gr. 30 sem fjallar um stjórn lífeyrisþega er launamálaráð er tekin út.

Orðalag greina nr. 32 og 33 sem áður voru nr. 31 og 32 uppfærast með tilliti til ofangreindra breytinga.

Ný lagagrein nr. 37. gr. þar sem fjallað er um að tryggt sé að stéttarfélag sem falið hefur SFR umboð til gerðar kjarasamnings, eigi sæti í samninganefnd félagsins.

Þá kynnti Viðar Ernir nýtt lagaákvæði til bráðabirgða þess efnis að stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs yrði kosin á sama aðalfundi og aðrar stjórnir, þ.e. ekki nú heldur á aðalfundi 2012.

Auk þess lagði Viðar Ernir það til fyrir hönd laganevndarinnar að sett yrði viðbót í reglur allra sjóða SFR þess efnis að stjórnarmönnum yrði ekki heimilt að sitja *samfellt* í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (6 ár).

Umræður um lagabreytingar

Fundarstjóri þakkaði Viðari Erni og gaf orðið laust um lagabreytingar. Mikill áhugi var á umræðum um fóru margar hendur á loft við orð fundarstjóra.

Anna Atladóttir spurði hvort búið væri að gera ráð fyrir því að allir í stjórnnum færu út í einu með nýju reglunum. Það gæti orðið mjög bagalegt, sagði Anna. Tekur þetta gildi núna? Mega menn sitja næstu 6 árin þótt þeir hafi nú þegar setið í 6 ár? Vil koma með þau vinsamlegu tilmæli til trúnaðarmannaráðs að byrja strax að undirbúa útskiptingar.

Gísli Bjarnason spurði hvenær og hvernig yrði kosið til félagsráðs.

Alma Lísu Jóhannsdóttir sagðist vilja að skoðuð yrði betur 27 gr. þar sem talað er um að fulltrúar í Félagsráði væru frá öllum landshornum. Hún spurði hvort ekki væri óþarfi að hafa þar bæði suðurland og Vestmanneyjar. Þar á milli væri mjög stutt í land frá Landeyjum. Hún sagðist velti fyrir sér hvort það ætti rétt á sér miðað við tiltölulega lítinn félagafjölda í Vestmannaeyjum.

Jón Guðmar Jónsson spurði um trúnaðarmannakosningar. Hvort tilkynnt væri ef trúnaðarmaður hættir og nýr tekur við.

Ingibjörg Óskarsdóttir spurði hvenær nýju lögin myndu taka gildi.

Árni Stefán Jónsson varð fyrir svörum. Hann sagði að útskiptiregla í stjórn væri þegar til staðar en varðandi stjórnir sjóða væru menn æviráðnir. Menn veltu fyrir sér hvort þetta ætti að taka gildi núna, þá myndu árin 6 byrja að telja nú. Þegar svipaðar breytingar varðandi stjórnarsetu voru gerðar þá var það þannig. Þó einhver sé búinn að vera 6 ár í dag, þá mætti hann vera samt í 6 ár í viðbót. Kannski væri einnig hægt að gera vinsamlega tillögu í gegnum útstillingarnefnd næst að hún mælist til og velji þannig að þetta skarist.

Í félagsráði mun sitja stjórn félagsins og allir formenn fagfélaganna. Markmiðið með því er að félagsráðið er að ná betri tengslum m.a. við fagfélögin.

Trúnaðarmannaráð kys 15 manns inn í félagsráðið og tryggt verði að þar sé fólk alls staðar að, frá öllum landshlutum.

Spurningin um það hvenær eigi að kjósa þetta félagsráð, er góð ábending. Það er rétt að það vantar í lögin hjá okkur. Félagsráð þarf að kjósa á trúnaðarmannaráðsfundi, fyrsta fundi í september þegar búið er að kjósa trúnaðarmenn.

Árni sagðist halda að það yrði til bóta að kjósa trúnaðarmenn að vori því það dregst oft fram á veturinn þegar það er gert á haustin. En það væri rétt að það þyrfti að setja það inn í lögin líka að það yrði kosið í félagsráð á fyrsta fundi í sept. Það ár sem trúnaðarmenn eru kosnir.

Árni sagði að ástæðan fyrir þessu væri sú að það væri vilji til þess að leggja niður launamálaráð, það væri einfaldlega barn síns tíma. Hér áður fyrr voru 3-4 trúnaðarmannaráðsfundir yfir veturinn, og þá þurfti hóp til að fylgja eftir kjarasamningunum. Í dag væri þetta endurtekning því fundir trúnaðarmannaráðs væru nú svo reglulega. Því sagði hann betra að leggja launamálaráðið niður og fáum trúnaðarmannaráði verkefni þeirra og kjósum áfram samninganefnd.

Lögin myndu taka gildi um leið og fundarmenn samþykkja þau á eftir, sagði Árni.

Ef trúnaðarmaður væru á sínum vinnustað og enginn nýr yrði kosinn í maí, myndi sá vera í gildi áfram nema starfsfólk tilnefndi nýjan. Ef þessi trúnaðarmaður yrði hins vegar ekki kosinn í maí og vinnustaðurinn sinnti því ekki myndi félagið tilnefna nýjan.

Anna Atladóttir spurði hvort hægt væri að telja aftur þegar um rafrænar kosningar væri að ræða?

Árni Stefán Jónsson sagði að ekki væri verið að setja inn rafrænar kosningar í trúnaðarmannakosningu, heldur væri með lagabreytingunni opnað fyrir þann möguleika. Við myndum auðvitað skoða það vel ef farið væri út í það.

Þórarinn Eyfjörð sagði að alltaf væri hægt að telja rafrænu merkin aftur á sama hátt og atkvæðin. Spurt var hvort þyrfti að kjósa alls staðar í vor ef lögin yrðu samþykkt?

Árni Stefán Jónsson svaraði því til að það þyrfti, á sama hátt og annars hefði þurft að kjósa alls staðar í september.

Augustin Dufatanye lagði til að bætt verði við siðanefnd innan SFR.

Árni Stefán Jónsson sagði að ekki þyrfti að setja slíka nefnd í lög. Hið nýja félagsráð myndi geta sett upp m.a. slíkar nefndir bæði fastanefndir og aðrar tímabundnar.

Hafdís H. Vilhjálmsdóttir spurði hvort ekki þyrfti samt að setja þetta inn í lögin?

Gísli Bjarnason kom með tillögu að orðalagi um kosningu félagsráðs inn í lögin það yrði þá viðbót við fyrstu málsgrein 27 gr. : „Á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi eftir kosningu á oddtöluári.“

Bent var á að fyrsti trúnaðarmannaráðsfundur að hausti væri fyrsti fundur nýrra trúnaðarmann. Þar væru mögulega margir nýir og því hentugra að hafa kosninguna á öðrum fundi vetrarins til að þeir hefðu tækifæri til að kynna sér trúnaðarmannareglur.

Ólafur Hallgrímsson benti á að þó stjórnarmönnum í sjóðum væri ekki heimilt að sitja lengur en 3 kjörtímabil, þá mætti ganga út og hvíla í 2 ár og bjóða sig svo fram aftur.

Fundarstjóri tók undir orð Ólafs og ítrekaði að Ólafur sjálfur sem formaður Orlofssjóðs mætti sitja í 6 ár enn.

Þórarinn Eyfjörð sagði að það væru yfirleitt mjög margir trúnaðarmenn sem héldu áfram og ekki kæmu svo margir inn nýir, því væri allt í lagi að kjósa í félagsráð á fyrsta fundi haustsins. Það er mjög æskilegt fyrir allt vetrarstarfið að geta byrjað að fullu krafti að hausti.

Alma Lís Jóhannsdóttir sagist vilja gera athugasemd vegna tímasetningu á kosningu í félagsráð. Hún sagði það myndi vera betra að kjósa í október fremur en september. Þó svo félagið væri með reynslumikið fólk sem situr áfram þá gætum við gefið nýju fólki kost á að vera með í félagsráðinu með því að lofa því að sitja einn fund áður.

Árni Stefán Jónsson sagði það einnig möguleika að hafa einn trúnaðarmannaráðsfund með nýjum trúnaðarmönnum í byrjun júní þar sem kosningin færi fram í maí. Gera mætti ráð fyrir að endurnýjunin í hópi trúnaðarmanna sé 30%.

Þórarinn Eyfjörð sagði að kannski skipti tímasetningin ekki máli en hann sæi þó eina hættu sem væri sú að félagið væri með háflamað ráð frá apríl til október.

Anna Atladóttir sagði að það væri líklegt að þegar fólk væri kosið í félagsmálaráð, þá myndi það setja sig strax inn í starfið og þá kæmi það sér bara inn í málið.

Sigurður H. Helgason sagði að oftast nær væri fyrsti fundur hálfgerður kynningarfundur og þannig hefði það verið það í gegnum árin.

Védís Guðjónsdóttir sagðist halda að nýtt fólk sem væri kosið sem trúnaðarmenn væri það nýtt að öllu leyti að það skipti engu máli þó verið væri að kjósa félagsráð. Annað hvort er fólk hrætt og situr og hlustar eða tekur máls og er með, sagði Védís.

Sigríður Kristinsdóttir sagði að gott væri að kjósa fljótlega í maí, t.d. annan eða þriðja maí. Eftir gönguna væru svo margir trúnaðarmenn virkir. Svo yrði fundur í lok maí og það yrði kynningarfundur – til dæmis með þjóðfundarfyrirkomulagi.

Árni Stefán Jónsson þakkaði fyrir góða og áhugaverða umræðu. Hann lagði til að gengið yrði að tillögu Gísla Bjarnasonar. Það væri síðan hægt að breyta því ef það væri rangt mat. Tillagan hljóðaði svo; *Breyting á orðalagi um kosningu félagsráðs inn í lögin það yrði þá viðbót við fyrstu málsgrein 27 gr. : „Á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi eftir kosningu á oddtöluári.“*

Að umræðu lokinni bar fundarstjóri lagabreytingar upp til samþykktar

- 10 gr. – samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- 11. gr. - samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- 16. gr. samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- 24 gr. samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- 25. gr. samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.

10 kafli

- 27. gr. Með viðbót frá Gísla Bjarnasyni (sjá fylgiskjal 4) var samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- 28. gr. samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- 29. gr. samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- 30 og 31 samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- 32-33 samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- Ný lagagrein 37. gr. samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- Lagabreytingar í heild sinni - samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.
- Lagaákvæði til bráðabirgða – samþykkt með handauppréttingu – enginn á móti – samþykkt samhljóða.

Viðbót í reglur allra sjóða SFR

- Breyting á reglum Orlofssjóðs 5. gr. samþykkt með handauppréttingu, enginn á móti, samþykkt samhljóða.
- Breyting í Styrktar- og sjúkrasjóð 5. gr. samþykkt með handauppréttingu, enginn á móti, samþykkt samhljóða
- Breyt í Starfsmenntunarsjóð 6. gr. samþykkt með handauppréttingu, enginn á móti, samþykkt samhljóða.
- Vinnudeilusjóður 6. gr. samþykkt með handauppréttingu, enginn á móti, samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tilkynnti um örstutt hlé og bauð fundargestum að fara fram og fá sér snæðing í hléinu.

4. kosnir skoðunarmenn og löggiltur endurskoðandi

Tillaga um skoðunarmenn:

Eyjólf Magnússon, lífeyrisþegadeild
Sigríði Jakobsdóttir, Siglingastofnun

Til vara:

Ólaf Loftsson, Fangelsismálastofnun
Ólafíu K. Sigurgarðsdóttur, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins

Tillaga um löggiltan endurskoðanda

Rögnvald Dofra Pétursson

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu. Enginn á móti.

5. ákvörðun um iðgjald og skiptingu milli sjóða

Þórarinn Eyfjörð skýrði frá því að engar tillögur um breytingar á iðgjaldi hefðu borist og skiptingin og iðgjaldið yrði því óbreytt áfram.

Fundarmenn samþykktu það með lófaklappi.

6. Kosið í stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs samkv. reglum hans

Ekki var þörf á að kjósa þar sem lagabreytingar sem samþykktar voru fyrr á fundinum hljóðuðu upp á það að færa kosningu í stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs þar til að ári til samræmis við aðra sjóði. Því verður stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs óbreytt næsta ár en kosin ný að ári.

7. lið Fjárhagsáætlun (fylgiskjal 2, bls. 61)

Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri SFR fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs. Hann sagði uppsetninguna ekki flókna en hún væri samkvæmt hefðinni eftir leiðbeiningum löggilts endurskoðanda.

Hann greindi frá því að reiknað væri með innborguðum félagsgjöldum upp á 168 milljónir.

Vaxtatekjur og verðbætur yrðu 6 milljónir en félagsgjald til BSRB yrði 119 milljónir. Tekjuafgangur yrði 9 milljónir.

Áætluð ráðstöfun yrði samtals 46 milljónir.

Rekstaráætlun orlofssjóðs Þórarinn sagði að í þessari áætlun væri gert ráð fyrir að útgjaldalínur verði þær sömu milli ára. Verkefni sem koma upp óvænt verður mætt með þeim fjármunum sem til eru til þess.

Rekstaráætlun orlofssjóðs gerði ráð fyrir tekjum upp tekjum upp á 72 milljónir og rekstargjöldin yrðu þau sömu. Þar yrðu leigutekjur 20 milljónir og fé frá Orlofsheimilásjóði 57 milljónir. Afborganir af lánum væru 3 milljónir og viðhald orlofshúsanna 4 milljónir.

Tekjuafgangurinn í ár er örlítið hærri en áður.

Þórarinn þakkaði fyrir gott hljóð og fundurinn þakkaði honum með lófaklappi.

Fundarstjóri þakkaði þórarni og óskaði eftir spurningum frá fundargestum. Enginn bað um orðið og var fjárhagsáætlun því næst borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða, enginn á móti.

8. Ályktanir aðalfundar afgreiddar

Árni Stefán Jónsson kynnti því næst framtíðarsýn félagsins og ályktanir aðalfundar um kjara- og efnahagsmál, húsnæðismál, lífeyrismál, umhverfismál (*sjá saman í fylgiskjali 5*) og ályktun um kjarasamninga og fráleitar kröfur Samtaka atvinnulífsins (*fylgiskjal 6*).

Friðrik Atlason las upp ályktanirnar auk þess sem þeim var þeim varpað á skjá. Að loknum lestri kynnti Friðrik þær breytingar sem trúnaðarmannaráð lagði til fyrir um daginn á fundi sínum (*fylgiskjal 7*).

Framtíðarsýn SFR

Breytingar skáletraðar: Að SFR stuðli að fjölskylduvænni vinnumenningu og jafnrétti á vinnustöðum, m.a. með styttingu vinnuvikunnar, sérstaklega hjá vaktavinnufólki.

Ályktun aðalfundar SFR stéttarfélags í almannajónustu um kjara- og efnahagsmál

Lagt er til að eftirfarandi setning falli út: *Þær skattkerfisbreytingar sem hafa verið gerðar með þrepaskiptingu í skattakerfinu er eitt af þeim úrræðum sem hefur skilað réttlátara kerfi og hlíft þeim tekjulægstu við skattahækkunum.*

Lagt er til að eftirfarandi setning komi í hennar stað: *Prepaskipting í skattkerfinu stuðlar að kjarajöfnuði. Nauðsynlegt er að ganga lengra á þeirri braut en stjórnvöld hafa gert hingað til. Hækka þarf skattleysismörk þannig að ekki verður greiddur tekjuskattur af lágmarkslaunum. Lækka þarf virðisaukaskatt af matvöru.*

Lagt er til að í lok ályktunar verði bætt við: *Tryggja þarf starfsöryggi á vinnustað, að faglega sé staðið að ráðningum og afmá tímabundna ráðningasamninga í þeim mikla mæli sem nú er.*

Ályktun aðalfundar SFR-stéttarfélags í almannajónustu um húsnæðismál

Lagt er til að nýrri setningu verði bætt í ályktun: *Aðalfundur SFR skorar á ríkið að setja á legg opinbert húsnæðiskerfi og tryggja þannig almennungi húsaskjól á kostnaðarverði.*

Ályktun aðalfundar SFR-stéttarfélags í almannajónustu um lífeyrismál

Lagt er til að eftirfarandi miðkafla verði felldur út úr ályktun: *Opinberir starfsmenn hafa sætt sig við lægri laun en fólk á almenna vinnumarkaðnum, meðal annars vegna betri lífeyrisréttinda. Eigi að jafna þau hlýtur að eiga að jafna launin einnig. Lífeyrisréttindi eru hluti samningsbundinna réttinda, líkt og laun.*

Ályktun aðalfundar SFR-stéttarfélags í almannajónustu um umhverfismál

Ekki voru lagðar til breytingar á ályktun um umhverfismál.

Kynnt var ný ályktun aðalfundar SFR-stéttarfélags í almannajónustu um kjarasamninga og fráleitar kröfur Samtaka atvinnulífsins.

Fundarstjóri þakkaði Friðriki fyrir kynninguna og opnaði fyrir umræður um ályktanirnar.

Umræður um framtíðarsýn og almennt

Svala Norðdahl sagði ályktunina um fráleitar kröfur Samtaka atvinnulífsins svolítið skrítna í lokin, það þyrfti að laga hana aðeins. Þetta væri svolítið dularfullt. Þetta mál kæmi okkur öllum við - við eigum öll fiskinn í sjónum sagði hún.

Anna Atladóttir tók undir það og sagði að það þyrfti að pússa hana aðeins betur, en boðskapurinn væri ágætur.

Guðrún Ólafsdóttir sagðist vilja skora á samningamenn hjá ríkinu að í næstu samningum þegar samningar væru lausir þyrfti að setja í gang launavísitöluna því það er engan veginn ásættanlega að allt hækkaði strax í kjölfar kjarasamninga.

Vésteinn Valgarðsson lagði fram breytingatillögu við ályktun um lífeyrismál. Hann lagði til að aftan við ályktunina bætist við eftirfarandi málsgrein: *Til að tryggja afkomu lífeyrisþega sem best, ætti ríkið að yfirtaka eignir og skuldbindingar lífeyrissjóðanna og koma á samræmdu, réttlátu, opinberu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.*

Fundarstjóri spurði hvernig fundurinn vildi ræða um framtíðarsýnina, lagði til að ekki yrði rætt um stafsetningu heldur efnisinnihald og skyldi skrifstofunni falið að laga orðlag eftir ábendingum.

Baldur Marínósson sagðist vilja bæta inn í að losa þyrfti landið við alla gerviverktöku, það væri orðið ótrúlega mikið af slíku hér, verið að þvinga ungt fólk í þessa stöðu. Hann dró tillöguna til baka stuttu síðar.

Fundarstjóri óskaði eftir því að viðbætur á texta kæmu skriflegir.

Árni Stefán Jónsson sagði að meiningin með framtíðarsýninni væri að hún lifði frá ári til árs. Hún ætti að taka yfir meginmarkmiðin og setja stéttarfélaginu meginlínur. Ábending Baldurs ætti heima í sér ályktun, en væri kannski meira mál ASÍ. Það er hægt að álykta um margt óréttlæti í heiminum en það ætti ekki heima í framtíðarsýninni.

Framtíðarsýnin var að loknum þessum umræðum borin upp til samþykktar. Hún var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Umræður um ályktun um Kjara og efnahagsmál

Anna Atladóttir spurði hvort þar færu raunsannar tölur um atvinnuleysi.

Fundarstjóri svaraði því til að þetta væru opinberar útgefnar tölur frá Vinnumálastofnun.

Anna Atladóttir sagði að margir útlendingar væru ekki með íslenskan ríkisborgararétt.

Augustin Dufatanye spurði hvort við myndum vilja ef það þyrfti að velja milli þess að ríkið tæki lán eða hækkaði skatt?

Védís Vésteinsson sagði nauðsynlegt að ganga lengra. Það væri hægt að misskilja ákveðna hluti þarna. Það þyrfti að ganga lengra í þrepaskiptingu. Hann sagðist á móti því og félagið ætti ekki að mótmæla og setja sig á móti einhverju formi á skattkerfi.

Jón Guðmar Jónsson sagði að þetta skipti okkur gríðarlegu máli, þrepaskiptingin skiptir okkur máli hér hjá SFR og því hún er hluti af kjarajöfnun. Hann sagðist þekkja til þeirra sem voru í nefndinni um

breytingar á skattkerfinu. Þar voru menn sem vildu skattkerfið tæki 80% skatt af ofurlaunum. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir stór samtök lágláunafólks.

Árni Stefán Jónsson bað um orðið og sagðist ekki ætla að vera leiðinlegur en það væri félaginu algjörlega nauðsynlegt að vera með sannfærandi málflutning, við opinberir starfsmenn höfum sagt að við viljum breyta skattkerfinu og ná í tekjur þar í gegn. Ef við náum ekki þar tekjum inn þá verður okkar fólk sem verður fyrir niðurskurðinum. Við erum að verja þann tekjustofn sem þarf að vera þarna til að borga okkur laun. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum að breyta um kúrs, hann sagðist vera hræddur við þann málflutning þar sem verið væri að hvetja til minni skatta.

Baldur Marínósson sagðist taka undir með Árna. Hann sagði að sér fyndist rangt að lækka virðisaukaskattinn, hann væri nauðsynlegur,

Jón Guðmar Jónsson sagði að þetta mál yrði varla leyst hér til stefnumörkunar félagsins. Og þá ekki á fundi sem fólk vildi vera komið heim af. Hærri skattprósenta af hærri tekjum myndi skila einhverju en það væru fáir sem hefðu þær tekjur og það gæfi ekki nægar tekjur fyrir ríkissjóðs. Það væri hins vegar grundvallarmisskilningur að hækkan virðisaukaskattsins myndi vega minnst hjá þeim sem hefðu lægst launin. Hann sagði að sér fyndist allt í lagi að það væri rétt hér hvort það væri í lagi að fólk borgaði skatta af lægstu launum. Þetta sama fólk færi síðan til félagsmálayfirvalda vegna fjárskorts. Þetta væri spurning um stefnu félagsins.

Sigríður Kristinsdóttir sagðist vilja benda á að það væru engar greiðslur frá Félagsmálastofnun ef fólk hefði 200 þúsund í laun. En við verðum að ákveða okkur hvort við viljum þetta velferðarkerfi, sagði Sigríður. Ef svo er þurfum við að borga skatta. Hún sagðist vilja gera það að tillögu sinni að þetta yrði tekið út.

Ingibjörg Óskarsdóttir sagðist hafa sent skriflega tillögu um að breytingarnar yrðu teknar út.

Magnús Geir Sigurgeirsson sagði þetta illa orðað. Þetta hljómaði eins og verið væri að hrósa stjórnvöldum. Það sem kemur um skattleysismörkin er gott. Það mætti gera breytingu á þessu og þá væri rétt að hún kæmi fram.

Vésteinn Valgarðsson sagðist vilja andmæla því að breytingarnar yrðu teknar út og lagði til að þær héldu sér. Hann sagðist telja að það væri óhyggilegt að tala um skatta almennt. Það er ekki það sama hátekjuskattur og virðisaukaskattur. Hann sagði það skipta máli fyrir okkar fólk að lækka virðisaukaskattinn því þá fengi fólk meiri ráðstöfunartekjur.

Árni Stefán Jónsson sagði ánægður með svo margar tillögur, en vildi leggja til málamiðlun. Nú er verið að reyna að pína ríkið til að hækka 7% skattinn upp. Hann sagðist leggja til að við tökum út hluta breytinganna en íhugum það betur til framtíðar.

Ályktunin ásamt breytingatillögum var að loknum umræðum borin undir atkvæði

Skrifleg tillaga frá **Ingibjörgu Óskarsdóttur** (fylgiskjal 8) – að taka breytingarnar út en halda setningunni sem lagt var til að taka út. Borin til atkvæða: 21 samþykkir en 24 á móti. Tillagan var því felld.

Breytingartillaga **Sigríði Kristinsdóttur** (fylgiskjal 9) þess efnis að aðeins tvær síðustu setningarnar úr breytingatexta fari út: *Hækka þarf skattleysismörk þannig að ekki verður greiddur tekjuskattur af lágmarkslaunum. Lækka þarf virðisaukaskatt af nauðsynjavöru.*

Borin til atkvæða: 37 samþykkir 5 á móti.

Tillagan var í heild sinni því samþykkt.

Óskar Þór Vilhjálmsson benti á að enn væri ein breyting órædd þ.e. tillagan um að tryggja þyrfti starfsöryggi. Þar sem enginn kvaddi sér hljóðs vegna þeirrar breytingar telst hún einnig samþykkt.

Umræður um ályktun um húsnæðismál

Halldór Pedersen benti á að í ályktunina vantaði tímasetningu.

Fundarstjóri útskýrði að yfirléitt væru ekki tímasetningar í slíkum ályktunum.

Ályktunin var að því loknu borin upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Umræður um ályktun um lífeyrismál

Vésteinn Valgarðsson lagði fram skriflega breytingartillögu í ræðustól, viðbótartillögu þess efnis að í lok ályktunar yrði bætt við: *Til að tryggja afkomu lífeyrisþega sem best ætti ríkið að yfirtaka eignir og skuldbindingar lífeyrissjóðanna og koma á samræmdu, réttlátu, opinberu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.*

Vésteinn sagði því gjarnan borið við í ýmsum málum að lífeyrissjóðir færu á hausinn. Það væri kolvitlaust að hans mati að hengja velferð okkar á velferð auðvaldsins. Loks þykir mér, sagði Vésteinn ekki ráðlegt að sparifé almennings sé notað til þess að fjárfesta í atvinnurekstri, heldur ætti að nota það til að fjárfesta í innviðum þjóðfélagsins hjá hinu opinbera.

Anna Atladóttir sagði okkur ekki betur sett með lífeyrissjóðina.

Bent var á utan úr sal að lífeyrissjóðirnir væru hluti af samningsbundnum réttindum líkt og laun.

Gísli Bjarnason mælti eindregið gegn viðbótartillögunni. Hann sagði hið almenna lífeyriskerfi hafa verið mikla sveiflujöfnun í íslensku samfélagi. Í þessu efnahagskerfi sætu vissulega ekki allir við sama borð, en ríkisvaldið hefði almenna tryggingakerfið til að jafna það en við værum margfalt betur sett með þetta kerfi.

Árni Stefán Jónsson sagði að slíka róttæka viðbótartillögu þyrfti að skoða mjög vel. Hann sagði Véstein vera að leggja til eitt lífeyriskerfi. Árni sagði að fundarmenn skyldu athuga það að nú væri við lýði kerfi sem hefur líklega bjargað miklu í þessari kreppu. Hann sagðist nánast skora á Véstein að draga tillöguna til baka. Það væri ekki boðlegt að ætlast til að fólk ræddi svo róttæka breytingartillögu á nokkrum mínútum. Til þess þyrfti mun lengri tíma.

Baldur Marínósson sagðist taka undir með bæði Vésteini og Árna. Hugmyndin væri alls ekki vitlaus en þyrfti mikla ígrundun. Fjölmargir væru búnir að tapa miklu, en þar að auk i væri einn plús sem Vésteinn benti á þ.e. að ríkið fengi strax fé til að gera margt fyrir.

Anna Atladóttir sagði að sér væri fullkunnugt um að margir sem eru ekki í ríkislífeyrissjóði hefðu tapað miklu.

Magnús Sigurgeirsson lagði til að bætt yrði við einni málsgrein eftir fyrstu setninguna þess efnis að SFR skoraði á lífeyrissjóði að taka þátt í húsnæðismarkaði.

Þórarinn Eyfjörð sagði tillögur Vésteins vera róttæka jöfnunarhugmynd. Hann sagðist ekki halda að hún væri fær nema með grundvallarbreytingu á samfélaginu, þ.e. ef þessar eignir almennings yrðu færðar nú undir ríkið, myndum við lítið geta sagt um það hvernig með það fé yrði farið eftir nokkur ár. Ríkið hefði sýnt hvernig þeir fara með sitt kerfi.

Véstein Valgarðsson sagði að síðasta setningin um að lífeyrisréttindi væru hluti af samningsbundnum réttindum líkt og laun, hún mætti halda sér og hamra betur á því.

Anna Atladóttir lagði til kyrrt skyldi liggja.

Vésteinn Valgarðsson spurði hvort hann mætti veita andsvör. Hann sagðist svara þeim viðbárum að ríkisvaldinu sé ekki treystandi þannig að þá treysti hann Vilhjálm og Gylfa enn síður. Hann sagðist ekki vilja draga tillöguna til baka, það fælist ekki í henni að þessa hluti þyrfti að gera undireins. Það þyrfti auðvitað að vinna þetta vel og vandlega.

Árni Stefán Jónsson sagðist vera með mótsvar. Málið stæði um það hvort við viljum gegnumstreymiskerfi eða sjóðsuppsöfnunarkerfi. Það síðarnefnda væri það heilaga í þessu. Ef við hefðum lent í þessari kreppu með gegnumstreymiskerfið, hvaðan ættum við þá að fá féð til að borga lífeyrissjóðin? Spurði hann.

Magnús Sigurgeirsson sagðist telja við yrðum að skora á og veita stuðning að stofnun leigumarkaðar.

Anna Atladóttir sagði að við yrðum að passa að setja lífeyrissjóðskerfið í það að hjálpa til við að stofna leigukerfi. Annars gæti það lent í einhverjum byggingaframkvæmdum. Hún sagðist að við mættum ekki styðja eitthvað án þess að það sé vel ígrundað, sagði hún.

Magnús Sigurgeirsson ítrekaði að SFR myndi skora á stjórnvöld að koma á leigumarkaðahúsnæði og lagði fram skriflega tillögu þess efnis.

Augustin Dufatanye sagði að fólk þyrfti að muna að næsta kynslóð þyrfti að borga þetta, og licesave líka. Það væri enginn raunverulegur peningur til í dag.

Skrifleg tillaga Magnúsar borin til atkvæða (fylgiskjal 10). Bætt yrði við ályktun eftir fyrstu málsgrein: *Aðalfundur SFR skora á lífeyrissjóð félagsmanna til að koma að leigumarkaði á húsnæði.* 25 voru með tillögunni og 8 móti. Hún telst því samþykkt.

Þá var einnig samþykkt breytingin um að lífeyrisréttindi yrðu hluti samningsbundinna réttinda líkt og laun. Að sú setning verði ekki tekin út.

Þá var borin upp tillaga Vésteins Valgarðssonar (fylgiskjal 11). 6 greiddu atkvæði með en tillagan var felld með þorra greiddra atkvæða.

Ályktunin með áðurkynntum breytingartillögum var samþykkt í heild sinni.

Ályktun um umhverfismál

Engar umræður voru um breytingar á ályktun um umhverfismál þar sem engar bárust. Ályktunin var því samþykkt samhljóða

Þá var borin fram og samþykkt samhljóða **ályktun fundarins um stöðuna í kjarasamningsviðræðunum og um fráleitir kröfur Samtaka atvinnulífsins.**

Jón Gunnar: Það þarf ekki að taka fram að þessi tillaga fer til allra fjölmiðla.

Árni Stefán: Já hún fer til allra fjölmiðla.

Trúnaðarmaður ársins

Árni Stefán Jónsson kynnti val á trúnaðarmanni ársins. Hann sagðist alltaf hafa sérlega mikla ánægju af þessum dagskrálið. Félagið tók upp á því fyrir nokkrum árum að heiðra einn trúnaðarmann fyrir árið. Árni sagði að ekki væri nákvæmlega tiltekið fyrir hvað viðkomandi væri heiðraður, en trúnaðarmennirnir væru 240 talsins og því væri úr mörgu góðu fólki að velja. Í fyrra hefði fyrrverandi formaður, Sigríður Kristinsdóttir verið heiðruð með þessum hætti en nú væri komið að ungu kynslóðinni. Trúnaðarmaður ársins í ár hefur staðið sig afskaplega vel síðastliðið ár, sagði Árni og verið baráttuglaður í vinnunni við flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og staðið fast með

sínu fólki. Hann hefur auk þess verið formaður ráðgjafa- og stuðningsfulltrúa undanfarið ár. Trúnaðarmaður ársins er Vésteinn Valgarðsson sjálfur.

Vésteini var fagnað með lófaklappi þegar hann kom upp til að taka við viðurkenningu og blómvendi úr hendi formannsins.

Að þessu loknu kynnti fundarstjóri síðasta dagskrálið fundarins;

Önnur mál

Fundarstjóri minnir á Vinnuferð SFR í Vaðnes og Munaðarnes og hvatti fundarmenn til að taka þátt.

Þórarinn Eyfjörð tók til máls og ítrekaði mikilvægi og skemmtanagildi vinnuferðanna.

Árni Stefán Jónsson þakkaði að því loknu fundarfólki, fundarstjóra, riturum og starfsfólki kærlega fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 20:45.